



2, 5.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

April 1907

VORIÐ, BLESSAD VORIÐ.

(Lag: Trúðu' á tvent í heimi.)

Vorið, blessað vorið
vindur sér nú inn.
Blítt er það og hjartleitt.
Bros um rjóða kinn.

Hlýtt það öllum heilsar
heimilinu á.
Allir taka' af alhug
undir kveðju þá.

Líka karlinn kaldi
kveðja vorið fer.
Vor hann örmum vefur —
vetur gleymir sér.

Björtustu þó brosi
börnin kveðja þig,
vor! og veigar þínar
varmar teygja' í sig.


Draum þau stóran dreymir, —
dát þeim hugur hlær,

vor! við þér, því vonin
vaknar þá og grær.

* * *

Lifi ljúfa vorið!
Lifi vonin skær!
Lifi blessað lífið —
lífsins vonin kær!

Drjúpi' á hana dreyrinn —
döggvan lífsins heit.
Lifir ljósa vonin
lífs í vermi-reit.



MYNDIR ÚT AF UPPRISUNNI.

Prédikað er út af upprisunni. Og sungið er út af upprisunni. Hvern einn einasta sunnudag er prédikað og sungið út af upprisunni — um Jesúm Krist, frelsarann, krossfestan og upprisinn. En svo eru líka myndir málaðar út af upprisunni. Og þeir eru margir, sem hafa málað þær — málað myndir, sem sýna Jesúm upprisinn.

En mjög fáir hafa reynt að mála upprisuna sjálfa. Málarnir hafa ekki treyst sér til þess. Enda þegja guðspjallamennirnir. Þeir reyna ekki að segja frá henni sjálfir.

Þeir segja allir frá því, að Jesús hafi upprisið. Vitna á þann hátt um upprisuna hans; því þetta vissu þeir. En þeir vissu ekkert um það, *hvernig* Jesús uppreis. Enginn hafði séð hann upprisa. Þess vegna þegja þeir.

Þeir segja ekki frá öðru en því, sem þeir vita. Ekki samt frá öllu því, sem þeir vita. Ekki neitt líkt því. Þeir velja úr, og taka það, sem á við það, sem þeir sérstaklega ætla sér að segja.

Um upprisuna vilja þeir vitna — um það, að Jesús hafi sannarlega upprisið.

Það er fyrir þeim áreiðanlegur sannleiki. Og þeir vilja einmitt segja frá þessum dýrðlega sannleika á þann hátt, að hann verði áreiðanlegur sannleiki fyrir öðrum.

Um þennan sannleika vitnar fjöldi af miklu málurunum með myndunum sínum út af upprisu Jesú. Með þeim prédika þeir um drottin Jesúm upprisinn. Með *litum* reyna þeir að segja það, sem aðrir reyna að segja með *ordum*. Þeir tala til okkar gegn um *augun*, þar sem aðrir tala til okkar gegn um *eyrun*.

Nú tókum við miklu betur eftir því, sem við okkur er sagt í gegn um augun, heldur en því, sem sagt er við okkur í gegn um eyrun. Við sjáum betur en við heyrum. Við ættum þá að skilja, hvað gagnlegar eru fyrir okkur góðar myndir.

Það er ljómandi mynd út af upprisunni í „Ljósgeislunum“ nýju (myndin 19). Hún er eftir Plockhörst, mikla málarann þýska, og heitir „Páska-morgun“, þótt eigi standi það nafn undir myndinni á „Ljósgeisla“-blaðinu. Hefur málarinn þar viljað sýna páska-morguninn með myndinni sinni eins og hann hugsaði sér hann. En textinn hans, sem hann eins og leggur út af, er samfundur Jesú og Maríu frá Magdala páskadags-morguninn hjá gröfinni. Þarna stendur Jesús. Fyrir skömmu var hann í mestu niðurlægning sinni. Nú stendur hann þarna í upprisu-dýrð sinni og bendir upp til föðursins. Hvað hann er dýrðlegur! Hann leið og dó, af því hann vildi frelsa. Upprisa hans sýnir það greinilega. Hann hafði augsýnilega valdið, en ekki óvinir hans. Hann var ekki neyddur til að láta fara svona með sig. Kærleikurinn hans knúði hann. Ekkert annað. Hann vildi frelsa okkur. Koma okkur til föðursins. Upprisan sýnir það. Og upprisan sýnir líka, að hann getur gert það. Hver, sem horfir á hann og þekkir þar frelsara sinn, verður gagntekinn. Eins og María fellur hann niður fyrir honum í lotning, tilbeiðslu og lifandi kærleika. Horfir upp á hann og segir í hjarta sínu: „Já, þú ert vegurinn til föðursins. Þú einn ert eilífa lífið.“ Stendur svo á fætur eins og hún, til þess að vitna um hann, drottin sinn og frelsara, krossfestan og upprisinn.—Vitna um hann ekki að eins með orðum, heldur um fram alt með lífi sínu, af því hann sjálfur, frelsarinn, lifir nú í sálu hans.

Málarinn segir nú með myndinni, að hver páska-morgun eigi að vera þetta hverri kristinni sál.

María varð lifandi mynd upprisunnar. Allir hinir læri-sveinarnir líka. Þeir koma fram fyrir heiminn sem lifandi myndir, er sýna það, að Jesús sé sannarlega upprisinn. Það var sterkasta sönnunin fyrir upprisu Jesú. En í rauninni var það Jesús sjálfur, en ekki þeir, sem á þennan hátt var að sannfæra mennina um, að hann væri upprisinn og væri frelsarinn; því hann var það, sem gerði þá að lifandi myndum.

En eigum við þá ekki líka að vera lifandi myndir upprisunnar? Sannarlega eigum við að vera það. Getum líka verið það — við öll, sem trúum á Jesúm Krist. Því hann vill gera okkur að lifandi myndum og gerir það líka, ef hann fær að lifa í sál okkar og hafa áhrif á okkur.

Væri það ekki dýrðlegt að vera slík lifandi mynd? Jú, sannarlega væri það það.

Biðjum þá Jesúm öll að gera okkur að slíkum lifandi myndum, sem vitnað geta um hann. En munum þá, að lofa honum að gera það á þann hátt, sem *hann* vill gera það. Þá verðum við *lifandi myndir upprisu Jesú*.

ENGILLINN OG GRÁTANDI BARNIÐ.

(Þýtt.)

„Góða barnið mitt! Því grætur þú svona mikið?“—spurði þjónustu-engillinn.

„Æ, æ! Enginn held eg hafi nokkurn tíma átt eins skelfilega bágt eins og eg — bara fyrir það, að eg hef reynt að vera góð. Æ! æ! Eg vildi eg væri orðin vond. Mér líði þá ekki svona illa“—sagði barnið.

„Þér líði miklu verr“—sagði engillinn.—„En segðu mér nú, barnið mitt, hvað gengur að þér?“

„Sjáðu til! Mamma fékk mér hespuna þá arna að vinda upp, og eg lofaði henni að gera það“—sagði barnið. „En pabbi bað mig að sækja hlut fyrir sig. Og það var nærri því kominn tími til þess að fara í skólann. Og eg var að lesa lexíuna mína, hlaupa fyrir pabba, og vinda hespu — alt þetta í einu. Og nú er eg öll flækt í bandinu og kemst ekkert, hvorki aftur á bak né áfram. — Æ, æ! Hvað á eg að gera?“

„Sestu niður!“—sagði engillinn.

„Já, en það er komið að því, að eg á að fara í skólann“—sagði barnið.

„Sestu niður!“—sagði engillinn.

„En—faðir minn bað mig að hlaupa fyrir sig“ — sagði barnið.

„Sestu niður!“—sagði engillinn og tók í öxlina á henni og lét hana setjast niður.

„Sittu nú kyrr!“—sagði hann og fór rólega að vinda hespuna. Það voru ósköp að sjá, hvernig hún hafði vafist og flækst utan um hendur og fætur á barninu. Engin furða, þó það sæti fast. En loksins gat hann losað það, og fékk því svo hnykilinn.

„Eg þakka þér kærlega fyrir“—sagði barnið. „En var eg nokkuð óþekk?“

„Ekki óþekk, bara heimsk. En það gerir stundum eins 'mikið illt'“—sagði engillinn,

„En eg gerði ekkert annað en það, sem eg átti að gera“— sagði barnið.

„En þú fórst öfugt að því“—sagði engillinn. „Það er fallett að vera viljug til vika. Og það er fallett að fara í skóla. En þegar þú ert að vinda hespu, þá áttu að vera kyrr.“

HVAD ER TIL HANDA MÉR AÐ GERA?

Margan langar til að gera eitthvað fyrir drottin sinn, og þá að gera eitthvað fyrir meðbræður sína og með systur, sem orðið geti þeim til góðs. Andi drottins, heilagi andinn, hefur snortið þá. Og ætíð, þegar hann snertir mannsálina, fær hún löngun til að gera eitthvað fyrir aðra. Vondur andi vekur ætíð löngun til hins gagnstæða — að gera öðrum eitthvað til illis eða ekki neitt.

Æ, að heilagur andi fengi að koma við okkur öll og kveikja hjá okkur heilaga löngun!

En ekki er nóg, að mann langi til að gera eitthvað gott. Nauðsynlegt er að vita, hvað hið góða er, sem við eigum að gera og erum fær um.

Margur hyggur, að þetta sé nú helst það, sem mikið fer fyrir eða mikið ber á. Hugsar svo um það og reynir að gera það, ef tækifæri býðst; en lætur hitt liggja, sem lítið fer fyrir, þótt það liggi við fætur hans og kalli á hann. Litla verkinu fer hann fram hjá, af því það myndi ekki bera neitt á *honum*, þótt hann gerði það. Fólk tæki ekkert eftir honum. — Og margur vill gera vel og láta fólk taka eftir sér. —

En fram hjá verki *sínu* fer hann — verkinu, sem guð var að benda honum á og vildi fá hann til að gera.

Sjálfur hefur hann ómetanlegt tjón af því. Líka aðrir. En verst er það þó fyrir sjálfan hann. Það verður ekki hægt að fá honum í hendur það, sem meira er. Guð flytur hann ekki upp. Það er ekki hægt að flytja þann upp, sem ekki vill læra — þann, sem hleypur yfir byrjunina, sem *fyrst* þarf að læra.

Saga ein er sögð, sem getur orðið ungum og gömlum til hjálpar, sem langar til að gera eitthvað fyrir drottin sinn öðrum til góðs. Sagan er sögð af presti einum og heitir:

HVAD HAFDI KOMIÐ YFIR KRISTINN?

Ungur maður kom til mín fyrir skömmu og sagði við mig:

„Mig langar til að taka þátt í kristilegri starfsemi. Hvað er til handa mér að gjöra?“

„Hvenær ferðu á fætur?“—spurði eg. — „Hálf sjö“ — svaraði hann.

„Hvenær borðarðu morgunmatinn þinn?“ — „Kl. sjö.“

„Hvað gerirðu svo?“ — „Eg fer til vinnu minnar.“

„Hvað lengi vinnurðu á daginn?“ — „Þangað til klukkan er hálf sex eða sex, og stundum lengur.“

„Hvað gerirðu þá?“ — „Eg borða kveldverðinn minn.“

„Þar næst?“ — „Les í dagblöðunum eða fer stundum á söngsamkomu eða til þess að hlýða á fyrirlestur eða í leikhúsið. Er annars helst til þreyttur til þess að gera nokkuð. Vanalega flækist eg heima.“

„Hvað gerirðu því næst?“ — „Fer að háttá.“

„Er þetta sýnishorn af vanalegu dagsverki þínu?“—„Já.“

„Ef eg nú gæfi þér eitthvert verk að vinna, sem þú álitur að heyrði til kristilegri starfsemi, hvaða tíma hefðir þú þá til þess að sinna því?“ — „Eg veit ekki.“

„Kristinn!“—sagði eg þá—, „guð virðist hafa sett þig í stöðu, sem úthcimtir svo mikla vinnu af þér, að þér finst þú engan tíma hafa til þess að taka þátt í nokkurri kristilegri starfsemi. Og hið sama finst mér. Eg held ekki, að guð ætli til þess, að þú bætir neinni *kristindóms-vinnu* ofan á hvern dags-byrði þína.“

Hann horfði á mig stundar-korn og sagði svo: „Eg held, að þetta sé satt.“ Stóð svo á fætur og ætlaði sér að fara.

„Kristinn! Bíddu ögn!“—sagði eg. — „Segðu mér: Éru fleiri menn í vinnu þar sem þú ert?“ — „Já, margir“—sagði hann.

„Heyrðu! Hvernig vinnurðu verkið þitt? Vinnurðu það eins vel eins og hinir, eða lélegar, eða betur?“

„O! Eg held eg geri það eins vel eins og nokkur þeirra.“

„Já, eg trúi því. En vita þeir, að þig langar til að taka þátt í einhverri kristilegri starfsemi?“ — „Nei! eg held ekki.“

„Sjáðu nú til, Kristinn! Hér er kristilegt starf handa þér. Byrjaðu á því strax á morgun. — Gerðu verkið þitt betur en þú hefur nokkurn tíma gert það áður. Taktu betur en áður eftir öllu því, sem þarf að gerast. Ef þér er hægt, þá réttu einhverjum hjálparhönd, sem er á eftir með verkið sitt. Láttu samverkamenn þína vita, að þú ert kristinn, ekki með því að tala um það, heldur með hegðan þinni allri. Láttu þá finna

til kristindómsins. Legðu einhverjum eitthvert liðsyrði. Kondu einhverjum til þess að leggja niður ljótan munnsöfnuð. Einvörjum til þess að hætta við að taka sér í staupinu. Sýndu, að Kristur lifir í þér og ræður yfir þér. Prédíkaðu fagnaðarerindið fyrir starfsbræðrum þínum með eins góðu líferni og þér fyrir guðs hjálp er unt að lifa. Eg held, að það einmitt sé sú kristilega starfsemi, sem ríði nú á að tekið sé þátt í fyrir alvöru. Reyndu það. Viltu gera það?”

Hann lofaði því, og þakkaði mér fyrir. Hann sagðist aldrei hafa séð þetta frá þessari hlið fyrr en nú. Og svo kvaddi hann.

Að sex vikum liðnum hitti eg umsjónarmann starfsdeildar þeirrar, þar sem Kristinn vann. Hann spurði mig: „Er ekki Kristinn meðlimur safnaðar þíns?“ — „Jú!“—sagði eg.— „En hvað er um það?“ — „Hvað hefur komið yfir hann í seinni tíð?“—spurði hann þá. — „Eg veit ekki. Eg veit ekki til þess, að neitt hafi komið yfir hann“—sagði eg.

„Nú, eitthvað er það“—sagði hann. — „Hann er besta hjálpin, sem við höfum. Og hann hefir orðið það síðasta mánuðinn. Frá honum koma bestu áhrifin. Allir verkamennirnir taka eftir því. Það er alt annað andlegt andrúmsloft þar sem hann er. Sannarlega er hann kristinn. Hægur, alvarlegur og fullur af anda þeim, sem hefur áhrif á aðra til góðs. Eitthvað hefur komið yfir hann.“

En ef annar eins andi kæmi yfir okkur öll, ung og gömul! Ætli þeir þá, sem á móti kristindóminum eru hjá okkur, myndu ekki finna betur til kristindómsins, og við hafa meiri áhrif?

TIL GAMANS.

„Mamma! Mér er svo ilt innan um mig“—sagði Nellie litla.

„Það kemur til af því, að þú hefur ekki borðað neitt. Maginn er tómur. Þér liði betur, ef þú létir eitthvað í hann“ — sagði móðir hennar.

Seinna um daginn kom presturinn. Nellie heyrir hann segja, að honum hafi verið svo ilt í höfðinu allan daginn. Kallar hún þá upp og segir: Það er af því að það er tomt. Þér líður miklu betur, ef þú lætur eitthvað í það.“

Náttúrufræði.

Lærisveinn í skóla einum í borginni New York gaf fyrir skömmu út skýringu þannig lagaða á því, hvað „hryggur“

væri: „Hryggur er langt og liðugt bein. Höfuðið á þér situr á öðrum endanum. En þú situr á hinum“

Anægjulegt.

Kona skrifar úr Árdals-bygð: „Stúlkunum mínum þykir vænt um manninn, sem talar til þeirra í gegn um barnablaðið, og hlakka mikið til, þegar pósturinn kemur með það.“

Ánægjulegt þykir „Barna“-manninum að fréttu þetta. Og hlakkar hann mikið til þess, að komast með blaðið til allra barnanna okkar og koma þeim til þess að hlakka til að fá blaðið. En hann veit, að blaðið þarf þá að verða miklu betra. Blaðið er fjarri því að vera eins og hann hugsar sér að það *ætti* og *þyrfti* að vera.

Ljósgeislar II.

Vonandi hafa þessir „Ljósgeislar“ komið þeim í hendur, sem pantað hafa þá. En miklu seinna hefur það orðið en átti að vera og sá vildi, sem útsendingu hafði á hendi. Var því einu um að kenna, hvað seint gekk prentunin. Og voru ýmsar ástæður til þess. En ekki er nema helmingurinn kominn út, eins og líklega allir hafa skilið, sem hafa pantað spjöldin; því 52 eiga þau að vera alls. En búist er við að hinn helmingurinn verði kominn út í tæka tíð.

Pantanir „Ljósgeisla“ þessarar sé sendar séra N. S. Thorlákssyni — Selkirk. Árgangurinn kostar 20 ct., 15 ct. þó að eins, ef 5 eintök eða fleiri eru pöntuð í einu. En borgan verður að fylgja pöntuninni.

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „*Sam.*“, hálf örk. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaðr „*Sam.*“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaðr „*Sam.*“ og „*Barnanna*“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.